

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 26. mars 2025:

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar verið falið að vinna tillögur að bættum strætóskýlum við Háskóla Íslands með það að markmiði að bæta upplifun á almenningssamgöngum. Lagt er til að sviðið kanni sérstaklega hvort mögulegt er að hafa þau upphituð á meðan strætó gengur og þannig uppsett að þau veiti aukið skjól frá veðri og vindum. Við vinnuna verði haft samráð við Stúdentaráð Háskóla Íslands.

Greinargerð fylgir tillögunni:

Íslenskt veðurfar er krefjandi og því er mikilvægt að strætóskýli veit skjól gegn veðri og vindum á meðan beðið er eftir strætó. Við Háskóla Íslands eru nokkur strætóskýli sem eru mikið notuð af stúdentum sem bíða eftir næsta strætó. Á árum áður var strætóskýli við Háskóla Íslands við Hringbraut upphitað en það er það ekki lengur. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur kallað eftir því að Reykjavíkurborg komi upp upphituðum og skjólgóðum strætóskýlum á Háskólasvæðinu. Telur ráðið að upphituð skýli myndi bæta upplifun stúdenta á almenningssamgöngum og stuðla að frekari notkun þeirra. Þá kemur fram í samstarfssáttmála samstarfsflokkananna sem mynda meirihluta í borginni að markmið þeirra sé að bæta þjónustu við farþega, meðal annars með vönduðum biðstöðvum. Hér er því lögð fram ein tillaga sem miðar að því markmiði.